

Fundur í skólaráði 5.febrúar, 2012

Mætt á fundinn voru: Guðlaug, Ólína, Helga Kristín, Hildur, Inga Björg, Örn, Margrét, Rut. Fulltrúar nemenda í Való voru Jórunn, Benedikt og Margrét Aðalheiður. Fulltrúar nemenda í Mýró voru þau Júlía Karín og Októ.

- Nemendur í 5. og 6. bekk eru ánægð með skólann sérstaklega með frímínúturnar þar sem færri eru úti í hádeginu og því auðveldara að fá fótoltavöllinn.
- Nemendur á unglingastigi töluðu um að þau væru ánægð með samstarfið við Jóa kokk, sögðu að félagslífið væri búið að vera frábært og gott að hafa fengið inni í Félagsheimilinu. Starfsfólk Selsins væri frábært. Þau voru nokkuð ánægð með valið í vetur en telja að valblaðið hafi verið of flókið og að passa þurfi upp á aldursskiptingu í valhópum. Helga sagði að búið væri að einfalda valblaðið fyrir næsta skólaár og draga úr skylduvali. Kynning á valinu verður í næstu viku bæði fyrir nemendur í 7. 8. og 9. bekk og foreldra þeirra. Það þarf að laga fótolta- og köfuboltavellina við skólann, þeir eru í mikilli niðurníðslu. Eins þarf að koma skýrar fram hvenær bókasafn skólans er opið. Unglingarnir spurðust fyrir um hvers vegna þriðji íþróttatíminn hafi verið felldur niður og voru þau óánægð með það. Þarf að bæta við fjármagni ef bæta á honum við. Mál sem þarf að ræða við bæjarstjóra.
- Guðlaug kynnti nýjustu niðurstöður (sept. – jan.)Skólapúlsins. Skólinn kemur vel út að langmestu leyti. Það sem þarf að skoða er virkni nemenda í tímum og samband kennara og nemenda.
- Hildur ræddi um skylduval á unglingastigi og fagnaði því að þar yrði breyting á. Helga sýndi hugmynd að valblaði sem er þó enn í vinnslu. Rætt var um það hvort umsjónatímar væru nauðsynlegir. Talið að svo sé og tóku nemendur undir það.

Næsti fundur verður boðaður í byrjun mars.

Ólína Thoroddsen